

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

JÚNÍ 2019



6. tbl. 22. árg.



Sumarhátíð í Hagaborg

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Sæma Rokk Pálsson

- bls. 12
Dómkórinn í Salzburg

Árleg sumarhátíð foreldra-
félagsins í leikskólanum
Hagaborg við Fornhaga var
haldin þann 27. maí sl.

Sumarhátíðin er skemmtileg

hefð í starfi Hagaborgar og eiga
foreldrar hrós skilið fyrir vel
unnin störf við skipulagningu
hátíðarinnar að þessu sinni.
Hátíðin hófst með því að ganga

í góða veðrinu í skrudgöngu
um Neshaga, Hjarðarhaga og
Fornhaga. Að því loknu tóku við
tónleikar með Tryggva Heiðari
Gígjusyni starfsmanni í Hagaborg

sem söng og spilaði fyrir gesti
fyrir framan þéttsetinn hólinn.
Boðið var upp á pylsur og meðlæti
áður en Sirkus Íslands mætti á
svæðið með sína frábæru sýningu.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Nú
grillum
við!

Melabúðin
þín verslun



Sími 551-0224

Sælkeraverslunin þín!

Grillkjötborðið bíður þín...



Glænýr villtur lax
Framboð háð veiði



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

6. tbl. 22. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Borgarlína

Breytingar í lífi fólks og þjóðar kalla á breytt borgarumhverfi. Á undanförunum árum hefur fjöldi fólks byggt sér ból á höfuðborgarsvæðinu. Spár um framtíðina telja að sú þróun muni halda áfram.

Þetta kallar á breytingar. Í fyrsta lagi að líta verður á höfuðborgarsvæðið sem eina samfélagslega heild. Í öðru lagi þarf að þetta byggð til að ganga ekki um of á takmörkuð óbyggð svæði. Í þriðja lagi verður að leggja áherslu á breyttar ferðavenjur.

Borgarlínan er einn þessara þátta. Með henni er ætlunin að innleiða samgöngumáta sem vel er þekktur í borgum erlendis og byggjast á samfélagslegri notkun samgöngutækja.

Hin dreifða byggð á höfuðborgarsvæðinu hefur meðal annars valdið því að fólk hefur valið einkabíl til þess að komast leiðar sinnar umfram aðra samgöngukosti. Þetta hefur leitt til þess að ekki hefur verið hugað nægilega að almenningssamgöngum. Þær ná ekki að þjóna markmiðum sínum.

Nú er svo komið að draga verður úr umferð einkabíla af ýmsum ástæðum. Umferð þeirra er orðin of þung. Hún kallar á umfangsmikil mannvirki sem oft fara ekki vel í umhverfinu. Umferð einkabíla mengar umfram aðra samgöngukosti.

Eðlilegt er að óumflýjanlegar breytingar frá einkabíl til almenningssamgöngutækja taki tíma. Þær eru kostnaðarsamar í byrjun þótt í þeim felst augljós hagkvæmni til lengri framtíðar. Þær útheimta einnig ákveðna hugarfarsbreytingu fólks. Hún verður ekki á einu augnabliki þótt nú sé að vaxa upp kynslóð sem horfir öðrum augum á samgöngumál en þær sem eldri eru.

Vesturbærinn, miðborgin og Vatnsmýrin eru bæði umfangsmikil athafnasvæði auk þéttar búsetu. Margt fólk býr á þessum svæðum og aðrir sækja vinnu þangað frá öðrum hlutum borgarinnar, af höfuðborgarsvæðinu öllu og jafnvel víðar að. Borgarlínan mun í framtíðinni auðvelda allar samgöngur borgaranna til og frá þessu svæði. Hún mun geta sparað mörgum daglegar bílferðir og fjármuni.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Finndu okkur á
Facebook

Umsögn skipulagsfulltrúa um Dunhagareitinn samþykkt



Dunhagi 18 til 20.

Umsögn skipulagsfulltrúa frá 8. maí sl. um Dunhagareitinn hefur verið samþykkt í skipulagsráði. Um er að ræða deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18 til 20, Hjarðarhaga 27 til 33 og Tómasarhaga 32 til 46. Tillaga THG Arkitekta ehf gerir meðal annars ráð fyrir endurbýggingu húss á lóð nr. 18 til 20 við Dunhaga auk bílskúrshemilda á tveimur lóðum.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs 20. febrúar sl. var lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 2. október 2018 um nýtt deiliskipulag fyrir umrætt svæði. Í tillögunni felst m.a. niðurrif og uppbygging á lóð nr. 18 til 20 við Dunhaga auk bílskúrshemilda á tveimur lóðum, samkvæmt deiliskipulagsupprætti THG Arkitekta ehf. dags. 11. desember 2018. Einnig var lagður fram skuggavarpuppdráttur THG Arkitekta ehf. frá 1. október 2018 og leiðréttur 8. febrúar 2019. Þá var á fundinum lögð fram drög að húskönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur. Samþykkt að endurauglýsa framlagða tillögu með leiðréttu skuggavarp dags.

Málið á sér allnokkra sögu

Dunhagamálið á sér allnokkra sögu. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi byggingarleyfi fyrir viðbyggingu og hækkun húss að Dunhaga 18 til 20 sem staðið hefur autt um tíma úr gildi. Fyrirhugað var að byggja inndregna hæð ofan á núverandi hús, viðbyggingu við fyrstu hæð

þess og fjölga íbúðum úr átta í 20 auk þess sem opna átti þar stórmarkað. Úrskurðarnefndin taldi að framkvæmdirnar fælu í sér umtalsverð frávik frá byggðamynstri svæðisins og að breytingin hefði þurft að eiga sér stoð í deiliskipulagi.

Byggingarleyfi kært úr ýmsum áttum

Umsögn skipulagsfulltrúa um Dunhagareitinn samþykkt. Hópur íbúa við Hjarðarhaga 27 og Tómasarhaga 32 kærðu ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík um að veita byggingarleyfið. Þeir töldu meðal annars að grenndarkynning sem farið hafði fram væri ólöglegt þar sem hún hefði eingöngu náð til íbúa sunnan Hjarðarhaga. Ekki hefði verið tekið tillit til þess að úr íbúðum norðan götunnar væri útsýni til Reykjaness sem myndi skerðast með tilheyrandi rýrnun lífsgæða íbúa og verðgildis íbúðanna. Íbúarnir bentu einnig á að umferð myndi aukast til muna með fjölgun íbúða og komu stórmarkaðs sem bætti á þann skort bílastæða sem þegar væri til staðar. Stækkun kjallara yrði erfið framkvæmd þar sem húsin væru byggð á klöpp og mögulega þyrfti að sprengja fyrir stækkuninni. Nefndin sagði í úrskurði sínum að Dunhagi 18 til 20 sé skilgreindur sem nærþjónustukjarni. Þar sé heimilt að vera með minni matvöruverslanir, bakarí, fiskbúðir og annað til daglegra þarfa innan hverfa. Þá geti íbúðir verið á efri hæðum viðkomandi bygginga.

NÝ VEFVERSLUN!

Búnaður fyrir jeppann og ferðalagið.

www.arctictrucks.is



Enginn sendingarkostnaður ef verslað er fyrir 5.000 krónur eða meira!
Kíktu á vöruúrvalið!



Arctic Trucks
Kletthálsi 3
110 Reykjavík

sími 540 4900
info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.is

Kjötkompaní

GRILLUM
GRAND

— Í ALLT —

SUMMAR

Grandagarði 29 • 101 Reykjavík | Dalshrauni 13 • Hafnarfirði

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Ég hef átt gott líf

- Sæmi Rokk spjallar við Vesturbæjarblaðið

Mannanafnanefnd samþykkti fyrir nokkru að Sæmundur Pálsson, fyrrverandi lögreglumaður, dansari, leikari, húsasmíðameistari og lífvörður fái að heita Sæmi Rokk. Sæmi sendi nefndinni beiðni um nafnbreytinguna fyrir nokkrum árum. Ekkert gerðist í málinu fyrr en hann sendi annað erindi þar sem hann óskaði eftir að taka upp millinafnið Rokk. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að Rokk uppfyllti öll skilyrði hvað málhefð og beyginarreglur varðar og hún heitir hann Sæmi Rokk Pálsson í þjóðskrá Íslendinga. Hann kveðst ánægður með þessa breytingu enda fyrir löngu þekktur fyrir Rokk nafnið sem festist við hann á þeim árum sem hann starfaði við að sýna dans. Sæmi hefur komið víða við á lífsleiðinni og lagt hönd að mörgu. Hann lagði hönd að mörgum byggingum á höfuðborgarsvæðinu sem byggingameistari og varð þjóðkunnur þegar skákeinvígi "aldarinnar" 1972 þar sem Boris Spassky og Bobby Fischer kepptu um heimsmeistaratitilinn í skák fór fram en Sæmi fékk það hlutverk að gerast lífvörður hans meðan á dvöl hans hér á landi í það skipti stóð yfir. Sæmi er 82 ára í dag fæddur 31. júlí 1936. Hann er enn ungur í anda og æði. Hefur keypt og stækkaði hús á Spáni og dvelur jafnan þar hluta ársins en kemur heim á föðurlandið á milli og dvelur þá á Aflagranda 40. Vesturbæjarblaðið settist niður með Sæma á dögnum þótt vitað væri að litríkri æfi hans yrði ekki gerð skil í stuttu viðtali.

"Ég hef átt gott líf," segir Sæmi þegar við höfðum sest niður með kaffimál í Bókasafninu á Eiðstorginu. Steinsnar frá



Margir heimsóttu Sæma og Ásgerði á 80 ára afmæli hans fyrir tveimur árum. Hér eru þau með dótturdóttur sinni, Ásu Egilsdóttur tveimur dætrum sínum, Theódóru S. Sæmundsdóttur og Örnú Sigríði Sæmundsdóttur.

þeim stað sem Sæmi starfaði í þrjú áratugi á lögreglustöðinni á Seltjarnarnesi sem var í Mýrahúsaskóla en síðar við Eiðstorgið. "Ég var áratug í lögreglunni í Reykjavík og síðan í 30 ár á Nesinu. Hætti ekki þar fyrr en ég varð sjötugur. Við vorum oftast tveir og skiptust á vöktum." Þegar Sæmi er inntur eftir hvernig hafi verið að hætta fyrir jafn starfsaman mann verður hann fljótur til svars. "Ég var fljótur að finna mér eitt og annað að gera. Ég hafði alltaf unnið að fleiri viðfangsefnum með lögreglustarfinu. Ég er lærður húsasmíður og byggingameistari og fékkst alltaf eitthvað við störf því tengdu. Ég var meistari við margar byggingar á höfuðborgarsvæðinu þótt ég stæði ekki alltaf sjálfur með hamarinn í hendinni þá fylgdu því ýmsir snúningar. Meistarinn var sá sem bar ábyrgð á verkinu og varð því að fylgjast vel með og gæta þess að rétt væri að öllu staðið. Ég tók að mér að vera byggingameistari fyrir félaga mína í lögreglunni og ég var meistari fyrir Árna Johnsen þegar hann var að byggja í Efra Breiðholtinu svo dæmi séu tekin."

Var byggingameistari við Kópavogsbrýrnar

Sæmi starfaði um tíma við Búrfellsvirkjun. "Það bar þannig til að ég hafði snemma lært ensku. Ég hafði unnið fyrstu þrjú árin í náminu við smíðar á Keflavíkurflugvelli en síðasta árið í bænum. Það voru erlendir menn að störfum við Búrfell og það hefur eflaust mælt með mér að geta talað við þá. En svo var mér boðið að vera meistari við byggingu Kópavogsbrúnna – þeirra sem liggja yfir gjána í gegnum Kópavogshálsinn og Reykjanesbrautin fer eftir. Kópavogsbær byggði brýrnar og ég sá um þá framkvæmd sem byggingameistari."

Drakk hálfan bjór fyrir misskilning

En af hverju fór Sæmi í lögregluna. Hann segir að þegar brúarsmíðinni í Kópavogi hafi verið lokið og hann búinn að segja starfi sínu hjá Landsvirkjun lausu hafi hann þurft að huga að því að fá sér eitthvað að gera. "Mér hafði verið boðið að starfa sem byggingameistari

við byggingu veggja átta hæða blokka við Engjahjalla í Kópavogi en byggingu þeirra var frestað um eitt ár. Það var of langt fyrir mig að hafa ekkert að gera í svo langan tíma. Þá var auglýst eftir mönnum í lögregluna og ég var einn af 113 sem sóttum um og átta voru teknir inn. Ég hafði þó ekki hugsað um að gerast lögreglumaður en alltaf borið virðingu fyrir lögreglunni og störfum hennar. Ég vildi þó fremur fara í lögregluna en þurfa að flýja land í atvinnuleit og ég fékk góð meðmæli bæði fyrir þróðmennsku og annað. Ég hef heldur aldrei drukkið áfengi. Eini bjórinn eða öllu heldur hálf bjórinn sem ég hef drukkið fór ofan í mig þegar ég var að nálgast sjötug. Það gerðist vegna misskilnings. Þetta var í Kaupmannahöfn. Ég ætlaði að kaupa áfengislausan bjór eða pilsner en var misskilinn og fékk drykk með prósentum. Danir eru ekki vanir að fólk drekki bjór án áfengis. Ég lét mig hafa þetta. Áhrifin urðu engin og ég hef ekki áformað að endurtaka þessa drykkju."

Sektir leysa ekki allt

Sæmi varð fljótt þekktur fyrir störf sín í lögreglunni. Einkum vegna glaðvæðar, ljúfmennsku og lagni að fást við fólk sem átti í erfiðleikum eða útistöðum. "Ég vissi ekki alveg hvernig lögreglustarfið myndi eiga við mig þegar ég byrjaði. En það átti betur við en ég hafði búist við. Þarna var maður oft að vinna í návígi við fólk í ýmsu ástandi og miklu gat skipt hvernig tekið var á málum. Ég hafði alltaf fyrir reglu að reyna að leysa mál í góðu hversu erfið sem þau gátu verið. Það er allaf gaman ef maður getur látið gott af sér leiða. Ég var heldur aldrei sektarglaður. Ýmsir kollegar mínir gátu verið fljótir að taka sektarblokkina upp en mér fannst meiru skipta að fá fólk til þess að láta af því sem ekki samrýmdist lögunum. Þegar ég var á Miðbæjarstöðinni í Reykjavík þá fannst mér stundum eins og félagar mínir væru í keppni um hver gæti sektað mest. En sektir leysa ekki allt þótt stundum verði að grípa til þeirra. Ég man að eitt sinn stöðvaði ég fullorðinn mann sem mér fannst ekki aka alveg eftir reglum. Hann afsakaði sig og þegar ég fór að tala um að ég yrði líklega að skekta hann þá vöknadi honum um augum og sagði að þar hefði jólasteikin farið. Þetta var í desember og hann var á leið í jarðarför vinar síns en konan hans var veik heima. Þau virtust hafa lítið á milli handa. Ég hugsaði mig um og sá að sekt leysti ekkert í þessu máli. Við ræddum eitthvað meira saman og ég sagði honum að við leistum þetta mál með föðurlegru áminningu. Ég er viss um að þau hafa borðað jólasteikina sína með ánægju og að hann hafi ekki farið aftur ógætilega í umferðinni."

George Best og Bobby Fischer

Sæmi kom víða við á lífsleiðinni. Um tíma rak hann nuddstofu á Hótel Loftleidum og nuddaði þá meðal annars íþróttamenn. "Ég var með stofuna í sjö ár og það komu margir til mín. Ætli sá þekktast hafi ekki verið breski knattspyrnumaðurinn George Best." Sæmi kynntist Bobby Fischer betur en flestir ef nokkur Íslendingur. "Ég var fenginn til þess að passa hann meðan á skákeinvígi hans og Boris Spasski stóð sumarið 1972. Fischer var mjög sérstakur og gat verið uppátækjasamur. Menn vissu

PC og Apple
tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra
ára reynsla og þekking fagmanna

TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

**FERSKUR FISKUR
DAGLEGA**

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





Sæmi Rökk og eiginkona hans til áratuga Ásgerður Ásgeirsdóttir heima í stofu á Aflagrandu 40.

aldrei hvar menn höfðu hann. Forysta Skáksambandsins var á nálum um hvernig málin myndu þróast. Hvort hann stæði einn daginn upp og segðist hættur eða eitthvað óvænt myndi gerast. Ég fylgdi honum eftir dag og nótt þennan tíma og ég held að við höfum náð nokkuð vel saman. Alla vega tókst þetta. Hann vann einvígið eins og marga rekur minni til. Saga hans er þekkt og hann kom aftur hingað til lands þegar fokið var í flest skjól fyrir honum og átti hér sína síðustu daga.”

Dansari um áratuga skeið

Sæmi var þó þekktari fyrir annað en lögreglustörf, nuddið og jafnvel þess að gæta Fischer. Hann var þekktur dansari um áratuga skeið. Kom víða fram og sýndi dansatriði við hin ýmsu tækifæri. En hvað varð

til þess að hann fór að dansa og gerði dansþróttina nánast að aukastarfi. “Það má rekja til þess að ég sótti fimleikatíma í Íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar. Þetta var við Lindargötuna rétt hjá Þjóðleikhúsinu og ég var stundum að fara þangað yfir. Þar kynntist ég Helga Tómassyni dansara og ballettmeistara. Við erum á líkum aldri og vorum þarna þegar við vorum unglingar. Ég hafði alltaf haft gaman af dansi en fann þó fljótt að ballettinn átti ekki alveg við mig. Ég hef trúlega verið of villtur og ekki átt hægt með að lúta ströngum kröfum og reglum ballettsins. En ég hélt áfram að dansa þótt ég fyndi mér annan stíl. Ég var rokkmeistari Reykjavíkur og átti nokkra dansfélaga sem sýndu með mér á þeim tíma sem ég stundaði danssýningar. Sumir þeirra störfuðu lengi með mér.

Jónína Karlsdóttir sem var þekkt undir nafninu Didda og Elinborg Snorradóttir eða Lóa störfuðu lengst með mér. Halldóra Filippusdóttir, kona Árna Johnsen var í þessu með mér um tíma tíma og fleiri hlupu í skörðin. “Sæmi gerði garðinn einnig frægan sem Oliver Twist í kvikmyndinni Með allt á hreinu með Stuðmönnum. Það var hann sem sagði þá dularfullu setningu “ég dansa til þess að gleyma” en hún var hluti af handriti myndarinnar.

Hélt mig alltaf innan dyra

En var ekki erfitt fyrir glaðværan mann sem stundaði margskonar störf og þar á meðal að sýna dans að halda sig heima ef svo má komast að orði. “Nei – ég hélt mig alltaf innandyra í þeim skilningi. Við hjónin kynntumst fyrst þegar Ásgerður var 16 ára og ég 21. Hún var of ung til að

giftast en þegar hún var 17 ára fékk hún sérstakt leyfi því konur máttu giftast 18 ára og karlar 21 á þeim tíma. Við höfum átt gott hjónaband. Ég hef þekkt menn sem áttu sér ýmsar konur. Voru með hjákonur sem þeir fóru með í sumarbústaði eða á hótél utan borgarinnar. Flugmenn gátu verið nokkuð drjúgir í þessu og ýmsir fleiri.”

Kann vel við mig á Spáni

Komum aðeins að Spáni af hverju valdir þú Spán til dvalar á síðara aldurskeiðinu ef svo má að orði komast. “Ég var búinn að skemmta Íslendingum þar ytra í meira en 20 ár. Bæði á vegum Guðna í Sunnu og Ingólfs í Útsýn. Var að stundum með Hljómsveit Ingimars Eydal og Helenu sem kom út til þess að spila fyrir landann. Ég fékk

smám saman ástúð á Spáni en var alltaf í svo mikilli vinnu að ég hafði engan tíma til að sinna þessu áhugamáli. Svo var það árið 1992 að ég fór út gagngert til þess að skoða húsnæði og festi þá kaup á 80 fermetra húsi með sundlaug. Þarna var upphafið og ég er nú búinn að eiga þetta hús í 27 ár. Fyrir 12 árum kom gamli byggingameistari upp í mér og ég réðst í að stækka húsið um 100 fermetra í 180 fermetra hús. Algengt er að hlaða hús og múra á Spáni en ég er sjálfur trésmiður þannig að ég fékk tilboð í bygginguna. Ég gerði þó margt sjálfur einkum við tréverkið. Mér finnst þetta orðin algjör höll alla vega miðað við það sem maður ólst upp við. Ég kann mjög vel við mig þar og börnin og barnabörnin njóta þess með mér, segir Sæmi að lokum.”

Flott sumarföt, fyrir flottar konur



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is



MotorMax Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 18:00

Laugardaga 12:00 til 16:00


Engar tímabætur!



Motormax ehf
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

Við smyrjum bílinn þinn með hágæða **MOTUL** olíum.

Reykjavík 102 í Vatnsmýrinni



Á myndinni má sjá það svæði þar sem póstnúmer 102 mun gilda.

Vatnsmýrin fær póstnúmerið 102. Tillaga þess efnis var samþykkt á fundi borgarráðs Reykjavíkurborgar nýlega. Sá hluti póstnúmers 101 sunnan við Hringbraut fær þar af leiðandi póstnúmerið 102 en mörk póstnúmera 105 og 107 haldast óbreytt.

Margar borgir eiga miðborgir þar sem talað er um gamla bæinn og nýja bæinn og má segja að skiptingin milli 101 og 102 Reykjavík kallist á við þetta. Um er að ræða eitt mesta uppbyggingarsvæði landsins um þessar mundir með tvo háskóla, öfluga stúdentagarða, Hlíðarenda, Skerjafjörð og Nauthólsvík innanborðs. Það er því af sem áður var að mesta uppbygging íbúðarhúsnæðis í borginni sé í 101 - hún er í 102 Reykjavík.

Íbúar í Skerjafirði hafa óskað eftir tekið verði tillit til óska íbúa um að tilheyra áfram Vesturbænum. Þeir telja að ekki sé tímabært að breyta póstnúmerinu meðan flugvöllurinn er enn í Vatnsmýrinni. Þeir telja einnig að með því að taka upp nýtt póstnúmer verði um tvö aðskilin hverfi að ræða, sem þurfi að sækja þjónustu sína á sitthvoru svæðinu. Áhyggjur íbúa hafa beinst að því að með breytingunni verði Skerjafjörðurinn ekki lengur miðbæjarhverfi heldur háskólahverfi. Þetta gæti haft áhrif á fasteignaverð auk þess að vera fyrsta skref borgarstjórnar í setja niður mikla landfyllingu og byggja 1200 íbúðir í Stóra-Skerjafirði. Þar með muni umferð aukast til muna, en sé hún mikil nú þegar.

72 íbúðir fyrir ungt fólk í Skerjafirði

- 41 fermetra íbúð á 28 milljónir

Gert er ráð fyrir að allt að 72 íbúðir ætlaðar ungu fólki verði reistar í Skerjafirði. Það er félagið HOOS sem er að fullu í eigu Frambúðar sem stendur að þessu verkefni. Frambúð er að helmingi í eigu Hauks Guðmundssonar fjárfestis en Pétur Marteinson og Guðmundur Kristján Jónsson fara báðir með fjórðungshlut í félaginu.

Allar íbúðirnar munu verða afhentar í fyrsta áfanga og verð fyrir 41 fermetra íbúð verði 28 milljónir króna. Er þannig áætlað heildarsöluverðmæti íbúðanna um tveir milljarðar króna. Gert er ráð fyrir að Frambúð muni bjóða kaupendum brúarlán fyrir allt að tíu prósentum af kaupverði sem ekki yrði tryggt með veði í eigninni. Á móti mun félagið eiga forkaupsrétt að íbúðum á upprunalegu kaupverði þar til brúarlánið hefur verið greitt.



Hinar nýju íbúðir fyrir ungt fólk verða í fyrirhuguðum nýbyggingum austast í Skerjafirðinum næst Reykjavíkflugvelli.

Íbúðirnar eru hugsaðar fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur í Skerjafirði. En Kvika banki mun standa að baki fjármögnunar þessa verkefnis.

Skerjafjörður

Íbúar mis ánægðir með eftirlitsmyndavél

Íbúar í Skerjafirði eru mis ánægðir með eftirlitsmyndavél við Einarsnes. Hún er merkt umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur og er myndefnin varpað að ósk borgarinnar í beinni útsendingu á vefsíðu Vegagerðarinnar. Nokkrar umræður hafa orðið á facebook hóp um málið.

Katrín Atladóttir, borgarfulltrú Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík skrifaði nýlega um málið í grein sem birtist nýverið í Fréttablaðinu. Í greininni furðar hún sig á því að eftirlitsmyndavélum hafi verið komið fyrir víða og veltir fyrir sér tilganginum.

„Nú veit ég ekki hvort íbúar við götuna, eða aðrir vegfarendur, eru sáttir við að vera í beinni útsendingu á netinu allan sólarhringinn, en málið vakti furðu mína. Við nánari eftirgrennslan komst ég að því að umhverfis- og skipulagssvið



Bike Café stendur meðal annars við Einarsnes í Skerjafirði.


er með átta eftirlitsmyndavélar víðsvegar í borgarlandinu. Tilgangurinn er sagður vera sá að fylgjast með færð vega,“ segir Katrín í greininni og bendir einnig á að lögreglan sé með tugi myndavéla í borginni og vilji nú

tvöfalda fjöldann. “Eftir því sem eftirlitsmyndavélum er fjölgað er auðveldara fyrir stjórnmöld eða Vegagerðina í tilfelli Einarsness að fylgjast með ferðum fólks, án nokkurs lögmæts tilefnis,“ segir Katrín einnig í grein sinni.

Vesturbæjarblaðið Sími: 511 11 88

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

VALHÖLL

FASTEIGNASALA

S Í ð a n 1 9 9 5

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Fagleg þjónusta -
Vönduð vinnubrögð



Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Reykjavík - Snæfellsbæ - Höfn Hornafirði | Sími 588 4477 | www.valholl.is



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali og leigumíðlari
896 5222



Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc.
693 3356



Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477



Úlfar Freyr Jóhannsson
Lögræðingur Hdl.
Lögg. fasteignasali.
Skjalavinnsla
692 6906



Herdís Valb. Hölludóttir
Lögræðingur og lögg. fasteignasali
694 6166



Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm.
fasteignasali
Snæfellsnesi
893 4718



Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083



Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
892-8778



Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
Útibú Höfn Hornafirði
895-2115

Óðinstorg og nærliggjandi götur endurnýjaðar

Vinna er hafin við endurgerð Óðingtorgs, Óðinsgötu og Týsgötu. Framkvæmdir á Óðinstorgi felast í endurnýjun yfirborðs á torgsvæði og hluta götu. Komið verður fyrir setpöllum, stökum sætum, leikhólum, pollum og hjólagrindum. Framkvæmdir í Týsgötu fela í sér endurnýjun yfirborðs götu og göngusvæða auk gróðursetningar. Verkið er samstarfsverkefni með Veitum ohf. sem endurnýja fráveitulagnir, hitaveitu, kalt vatn og raflagnir. Til viðbótar framangreindum torgum hefur einnig verið unnið að lagfæringum og endurbótum á Káratorgi norðan Káratígs.

Fyrir fjórum árum var efnt til hönnunarsamkeppni um endurgerð Óðinstorgsins þótt framkvæmdir hafi ekki orðið fyrr en nú. Helsta viðfangsefni hennar fyrir Óðinstorg var að stuðla að breyttri notkun á torginu frá því sem nú er, en svæðið er að mestu lagt undir bílastæði. Einnig að horfa á lausnir fyrir Óðinsgötu og Týsgötu sem tengir torgið við Skólavörðustíg á sem bestan hátt. Í innsendum tillögum mátti samkvæmt skilmálum keppninnar horfa fram hjá ákvæðum gildandi deiliskipulags hvað varðar torg og göturými. Höfundar vinningstillögu um endurgerð Óðinstorgs eru Anna María Bogadóttir, Einar Hlér Einarsson, Hrólfur Karl Cela og Sigríður Sigbórsdóttir, arkitektar hjá Basalt arkitektum. Í samstarfi við þau voru Auður Sveinsdóttir, landslagsarkitekt, Edda Ívarsdóttir, borgarhönnuður og Dario Gustavo Nunes Salazar, lýsingarhönnuður hjá Verkis.

Óðinstorg lifandi og í stöðugum vexti

Í greinargerð með vinningstillögunni segir meðal annara að stöðug umbreyting sé hluti af grunneðli sérhvers borgarrýmis. Óðinstorg, sem er í senn sögulegt og lifandi, er þar engin undantekning. Í byrjun 20. aldar í miklum vaxtarkipp Þingholtanna var staðsetning og nafn Óðinsgötu og Óðinstorgs ákveðið og landspilda keypt undir torgið. Á fyrstu áratugum 20. aldar risu húsin sem nú standa Óðinsgötumegin við torgið, sem mynda sterka og



Vinnuvél við uppgröft á Óðinsgötu en hluti verkisins felst í endurnýjun lagna.

mikilvæga heild. Eftir því sem áratugirnir liðu risu fleiri hús við torgið austan og norðan megin auk þess sem ýmiss konar viðbyggingar bættust við húsin sem þegar voru risin.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í gönguferi

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS

VESTURBÆINGAR VERIÐ VELKOMIN Á KAFFITÁR ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS, SUÐURGÖTU 41, 101 REYKJAVÍK.





Mikið úrval af TYR sundfatnaði - nýjar gerðir og litir, úr DURAFast 300+ efninu, sem er sérlega klórþolið og lithelt.

Kíktu á úrvalið á heimasíðu okkar www.aquasport.is

Aqua Sport
www.aquasport.is

Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur
sími: 5640035

Alltaf mikið um að vera á Aflagranda 40

- Vesturbæingar mega endilega koma með hugmyndir



Margir þátttakendur í félagsstarfinu á Aflagranda hafa stundað hreyfinu og líkamspjálfun sem hefur farið fram hjá KR. Hér má sjá einn KR hópinn að loknum æfingum.

Mikið er búið um að vera og stuð hjá fólkinu í samfélagshúsinu á Aflagranda 40. Markmiðið í vetur var að opna húsið fyrir nýjungum og nýju fólki. Kynna betur fyrir Vesturbæingum á öllum aldri húsið og það starf sem fer hér fram.

Mikið er lagt til að ná inn hópum á öllum aldri og er spennandi starf að fara af stað í haust. Byrjað verður með Salsa kvöld í september. Fjögur opin Salsa kvöld verða yfir haustið þar sem þór eða einstaklingar geta komið að læra Salsa. Kennarar frá Salsa Iceland munu sjá um kvöldin og má hvetja alla til að koma og prufa, jafnt unga sem aldna.

Einnig er stefnt að á Aflagrandanum að

halda barnafataskipti markað í húsinu næsta haust og verður það auglýst inn á Vesturbæjar grúppunni á facebook. Flóamarkaður var haldinn í byrjun sumars og heppnaðist hann einstaklega vel. Nú er um að gera að halda áfram og langar umsjónarfólki að hvetja Vesturbæinga til að skjóta til sín hugmyndum ef þeir hafa sniðugar hugmyndir fyrir starfið og hvernig megi nýta húsið betur fyrir Vesturbæinga.

Starfsfólkið í Samfélagshúsinu á Aflagranda 40 þakkar kærlega fyrir veturinn og vonast til að sjá sem flesta í haust.

Friðrik með sýningu á Aflagranda 40



Á myndunum má sjá nokkra gripi Friðriks. Á einni myndinni stendur hann hjá nokkrum þeirra á sýningunni.

Friðrik Friðriksson hélt stórmerkilega sýningu á Aflagranda 40 í tilefni Sjómannadagsins. Það sýndi hann fjölgri gripa sem hann hefur safnað saman í gegnum tíðina og gert marga þeirra upp af myndugleika.

Margir gripa Friðriks tengjast sjónum en sjálfur stundaði hann sjómennsku um áratuga skeið.

Friðrik hefur safnað mörgu fleiru og er stór hluti af safni hans geymdur hjá Eimskip í Sundahöfn þar sem hægt er að skoða það. Safnið er þó ekki opið á föstum tímum en Friðrik er duglegur að opna það og veita leiðsögn ef þess er óskað. Rætt var við Friðrik í síðasta tölublaði Vesturbæjarblaðsins í tilefni af Sjómannadeginum og sýningunni.



Í sumarfríinu



rafbokasafnid.is



Seltjarnarnes og Reykjavík deila um beygjuljós við Geirsgötu

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar ætlar að óska eftir svörum frá Reykjavíkurborg vegna skamms tíma sem grænt beygjuljós logar á gatnamótum Geirsgötu og Lækjargötu. Seltirningar nýta sér leiðina um Lækjargötu og Geirsgötu þegar þeir halda heim úr vinnu og daglegum störfum. Einkum mun þetta eiga við um þá sem starfa í Borgartúninu eða annars staðar á norðurhluta Miðborgarsvæðisins.

Magnús Örn Guðmundsson forseti bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar benti á í blaðaviðtali fyrir skömmu að ríð ökutækja byrjaði að myndast við húsnæði ríkislögreglustjóra á álagstímum einkum þegar fólk væri á leið heim frá vinnu. Þarna væru líka strætisvagnar og umferðarteppan hafi því einnig áhrif á almenningssamgöngur. Hann benti einnig á að Sæbrautin og Hringbrautin væru einu kostir Seltirninga á leið heim en þetta hafi einnig áhrif á Vesturbæinn og innnesið. Hann sagði fyrirséð hafi verið eitthvað myndi hægja á umferð en engan órað fyrir að hún yrði beinlínis stöðvuð með umferðarljósum.



Gatnamót Geirsgötu. Myndin var tekin á framkvæmdatíma við gatnamótin.

Pawel Bartoszek, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur segir að megináhersla borgarstjórnar sé ekki að auka umferðarlæði í gegnum miðbæinn, heldur tryggja að gangandi og hjólandi vegfarendur fái meira rými í umferðinni. Pawel hefur bent á að huga þurfi að ýmsu öðru í miðbænum, fegra umhverfi og tryggja að þar sé gott að vera fyrir gangandi vegfarendur. Hann hefur einnig bent á að eitt

sinn hafi aðrar hugmyndir verið ráðandi á umræddu svæði.

Um miðja síðustu öld voru áform um það að gera þessa götu að hraðbraut þar sem aka átti í gegnum auða hæð í Tollstöðvarhúsinu og þaðan í gegnum Grjótaþorpið. Þess má geta að um árabíl var langur trérampur sem náði frá stóru malarplani upp á millihæðina sem nýtt var sem bílastæði.



Kvartssteinn í eldhúsið



Kvarts steinn frá Silestone er fánlegur í fjölbreyttum áferðum og litum.

Silestone bjóða einir upp á borðplötur með varanlegri bakteríu- og sveppavörn.

Gefðu heimilinu ferskleika og líf á þínum forsendum með Silestone.



Bakteríuvörn



Blettaþolið



Högg- og rispuþolið



Sýrupolið

Kvarts steinn er unnin steinafurð. Við framleiðslu kvarts steinsins er nýtt það besta úr kvartsi með því að mylja steininn niður, blanda í hann litar- og bindiefnum áður en steinninn er aftur pressaður saman.

Útkoman er mjög slitsterkt efni með þéttara yfirborð en hefðbundinn náttúrusteinn.



Steinsmiðjan Rein | Viðarhöfða 1, 110 Reykjavík | Sími 566 7878 | rein.is



Sumarið er tíminn!



Möntruhringir sem eru líka hálsmen



Möntrubönd í úrvali



Beauty complex fyrir hár, húð og neglur



Viridian - framúrskarandi vítamín og bætiefni



Black Seed olían (kraftaverkaolían) er vara ársins 2019



Lífrænn undursamlegur jógaafnaður



Þar sem andinn býr í efninu



BLÁR DRYKKUR Á BOÐEFNABARNUM GEGN BLÚS



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367



Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögfræðingur




Útfararþjónusta & lögfræðisþjónusta

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

BIKE CAVE

Einarsnesi 36 • 101 RVK
Opið alla daga 9-22
www.bikecave.is • Erum á Facebook 
Sími: 770-3113



**Jacek er reiðhjólaviðgerðarmaður
Bike Cave - hann kemur frá Pýskalandi og
er snillingur með sérþekkingu á öllu sem
við kemur reiðhjólum og reiðhjólasmíði.**

Tímabantanir í síma 788-7616 eða 770-3113.

**Hringdu strax og þú færð góða og skjóta
þjónustu á viðráðanlegu verði.**

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Göngugötturnar hafa verið opnaðar

Ekið upp Laugavegin á kafla

Í sumar er göngugötusvæðið á Laugavegi minnkað frá fyrra ári og nær nú aðeins upp að Klapparstíg. Eins og áður er hægt að aka niður Laugaveg frá Hlemmi, en nú má aðeins aka niður að Frakkastíg og þaðan er einstefna niður á Hverfisgötu. Fram til þessa hafa þeir sem óku niður Laugavegin þurft að beygja niður Vatnsstíg þar sem göngugötusvæðið byrjaði. Nýmæli er að nú er ekið upp Laugaveg eða til austurs á kafla frá Klapparstíg upp að Frakkastíg og þaðan niður á Hverfisgötu.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg er breyting á akstursstefnu um hluta Laugavegar gerð til að jafna umferðarflæðið um miðborgina og draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar. Í því efni er umferð frá Laugavegi nú niður Frakkastíg að Hverfisgötu í stað þess að hún fari upp Klapparstíg og þaðan inn á Skólavörðustíg. Einnig er talin minni hætt á að ökumenn aki í ógáti inn á göngusvæðið. Ökumenn sem vilja komast nær verslun og þjónustu á Laugavegi neðan við Frakkastíg verða nú að aka upp Klapparstíg frá Hverfisgötu. Gert er ráð fyrir að þetta fyrirkomulag verði endurskoðað og metið í ljósi reynslu í október.

Göngugötur með svipuðu sniði

Göngugötturnar verða með svipuðu sniði og undanfarin ár, að því er fram kemur á vef Reykjavíkurborgar. Laugavegur



Unnið við að mála torg í tilefni breytinga á umferð um Laugaveg. Bílar aka nú upp Laugavegin fyrir ofan Klapparstígin.

og Bankastræti verða göngugötur frá Klapparstíg að Þingholtsstræti. Einnig Skólavörðustígur á milli Bergstaðastrætis og Laugavegar. Pósthússtræti verður göngugata á milli Kirkjustrætis og Hafnarstrætis. Þá verða Austurstræti, Veltusund og Vallarstræti göngugötur.

Sautján þúsund gengu eða hjóluðu um göngusvæðið á Laugavegi í fyrra

Borgarstjórn samþykkti síðasta haust að gera nokkrar götur að varanlegum göngugötum. Nú er unnið að forhönnun og undirbúningi á þeim.

Í fyrsta áfanga þessa verkefnis

er unnið að forhönnun göngusvæða sem felur í sér útfærslur á hinum ýmsu lausnum til að bæta götuna og umhverfið. Má þar nefna aðgangsstýringar, eitt yfirborð, bætt aðgengi inn í verslanir, dvalarsvæði og götugögn, lýsingu og fjölgun stæða í hliðargötum fyrir hreyfihlað fólk. Forhönnunin verður lögð fyrir skipulags- og samgönguráð haustið 2019. Reglubundin talning var gerð sumarið 2018 á gangandi og hjólandi umferð á göngugötusvæðinu á Laugavegi. Talningin leiddi í ljós að um sautján þúsund ganga eða hjóla Laugaveg á hverjum degi. Ný könnun verður gerð á þessu ári.

Fimmtubekkingar úr Melaskóla til Tartu í Eistlandi

Alls 25 nemendur úr 5. bekk Melaskóla fóru í námsferð til Tartu í Eistlandi vikuna 26. til 31. maí síðastliðinn. Með hópnum fóru þrjú starfsmenn skólans, þær Klaudia Migdal umsjónarmaður verkefnisins, Hrund Jörundsdóttir og Björg Ólafsdóttir. Þessi ferð er liður í samstarfsverkefni Nordplus sem Melaskóli tekur nú þátt í. Verkefnið heitir „Healthy nutrition at 21st century school“.

Börnin tóku þátt í ýmsum verkefnum og viðburðum í vinaskólanum Tartu Raatuse Kool og gistu hjá eistneskum nemendum og fjölskyldum þeirra. Nemendurnir fengu að kynna daglegu skólstarfi sem og fengu þeir að upplifa margt utan hefðbundins skóladags. Þeir unnu heilsutengd verkefni með eistnesku nemendum, fóru í leiki, sáu eistneskan þjóðdans sem kennarar skólans dönsuðu, fóru á vísindasafn, náttúruminjasafn, þjóðminjasafn, súkkulaðigerð og í Upside Down house. Farið var í skoðunarferð um Tartu, sem er afar fallegur bær, og einnig var mikið gengið um bæinn þegar farið var á söfnin. Lokadaginn var ekið til Endla bog sem er verndað náttúrusvæði með votlendi og



Hópurinn með eistneskum félögum.


skógi. Þar var deginum varið við náttúruskoðun í glampandi sól og gestgjafarnir slógu upp dýrindis grillveislu. Auk þessa fengu nemendur að upplifa ýmislegt með fjölskyldunum sem þau dvöldu hjá.

Nemendurnir skemmtu sér og stóðu sig afskaplega vel í ferðinni, á sama tíma og þetta var mikil áskorun. Markmið ferðarinnar var einmitt m.a. að auka þekkingu

á mismunandi menningu, auka sjálfstraust, gagnrýna hugsun, hugrekki, félagsfærni, sveigjanleika, aðlögunarhæfni, að vinna með öðrum og að auka meðvitund um heilbrigðan lífsstíl. Dagana 3. til 8. júní dvöldu síðan eistnesku nemendurnir hjá íslenskum vinum sínum úr Melaskóla og fengu að kynna ýmsu fróðlegu og skemmtilegu í skólanum, Reykjavík og Íslandi.

EINSTAKAR BÆKUR

Á hverju ári gefur Ferðafélag Íslands út heimilda- og fræðslurit, kort og bækur



ÁRBÆKUR

Bókaflokkur um land og náttúru

Ferðafélag Íslands gaf út sína fyrstu árbók árið 1928. Árbókin hefur síðan komið út árlega í óslitinni röð og er einstæður bókaflokkur um land og náttúru. Hver bók fjallar um afmarkað svæði á landinu og nær efni bókanna um landið allt. Bækurnar eru altæk Íslandslýsing og gefa ferðafólki góðar ferðaupplýsingar ásamt því að veita innsýn í sögu og þjóðlegan fróðleik.



GÖNGULEIÐARIT

Leiðir göngumenn á nýjar slóðir

Gönguleiðaritin benda gjarnan á leiðir sem ekki eru á allra vitorði og leiða göngumenn þannig á nýjar slóðir. Einnig gera þau gönguferðirnar ánægjulegri og eftirminnlegri þar sem fróðleikurinn skapar skemmtilegar tengingar við atburði og sögur úr fortíðinni.

NÁTTÚRUFAR · GRÓÐUR · FUGLAR · JARÐFRÆÐI · SAGA · MENNING



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

www.fi.is

Dómkórinn í öðru sæti í Salzburg



Dómkórinn í Reykjavík.

Dómkórinn í Reykjavík lenti í öðru sæti í alþjóðlegri kórakeppni í Salzburg í Austurríki á dögunum. Dómkórinn tók þátt í flutningi á Krýningarmessu Mozarts, í messu í Dómkirkjunni í Salzburg. Hildigunnur Rúnarsdóttir tónskáld syngur með Dómkórnum.

Tuttugu kórar víðs vegar að úr heiminum kepptu til úrslita í Salzburg og keppti Dómkórinn í tveimur flokkum, í flokki blandaðra kóra og í flokki trúarlegrar tónlistar. Kórinn fékk tvær gullviðurkenningar og var í öðru sæti í báðum flokkum sem hann tók þátt í. "Kórinn sem vann báða þessa flokka, hann var bara alveg stórkostlegur. Þannig að við þurfum ekkert að skammast okkar að hafa ekki unnið hann. Við erum bara alsæl með þetta. Þetta þýðir í raun og veru að við fáum svolitla staðfestingu á því, bæði við okkur sjálf og út á við, að við erum kór sem stendur vel að vígi," segir Hildigunnur. Kórinn sem vann er frá Singapur. Dómkórinn markaði sér nokkra sérstöðu í keppninni þar sem mikil aldursbreidd er í honum.



Frá tækni- og tölvutryllingsnámskeiði í Frostaskjólí.

Tækni- og tölvutryllingsnámskeið í Frostaskjólí

Sumarstarf Tjarnarinnar fór vel af stað í síðustu viku með Tækni- og tölvutryllingsnámskeiði í Frostaskjólí. Þar lærðu börn á aldrinum 10 til 12 ára meðal annars að framleiða myndbönd út frá eigin hugmyndum ásamt því að heyra fyrirlestur frá fulltrúa Rafiþróttasamtaka Íslands.

Námskeiðið náði hápunkti á föstudeginum með heimsókn í Bíó Paradís þar sem börnin fengu að sýna myndböndin sín og spila tölvuleiki á stóra tjaldinu í sal eitt. Tjörnir stendur fyrir fjölda vikunámskeiða fyrir aldurshópinn 10-12 ára í sumar og má þar helst nefna auk Tækni- og tölvutryllingsnámskeiðs: LARP og Ævintýranámskeið, Leiklistar- og framkomunámskeið og Fjör og frískir vöðvar - námskeið. Til viðbótar við vikunámskeiðin eru hálfsgdagssmiðjur í boði fyrir sama aldurshóp.

Unglingar á aldrinum 13 til 16 ára Miðborgar, Hlíða og Vesturbæjar hafa sömuleiðis



Útileikjanámskeið.

tækifæri á að blanda geði á helstu viðburðum Tjarnarinnar á mánudags, miðvikudags og föstudagskvöldum í sumar. Dagskrá unglíngastarfsins mun svo ná hápunkti í útilegu Tjarnarinnar 9. júlí. Frekari

upplýsingar um dagskrá og skráningu má finna á fristund.is og Facebook (Frosti Félagsmiðstöð) & Instagram (@frosti107).

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



BRIKK

brauð | eldhús

Við erum komin í Vesturbæinn!
Opið virka daga 7:30-17:00
& um helgar 9:00 -17:00

brikkbraud

ALLAR OKKAR PEYSUR ERU PRJÓNAÐAR Á ÍSLANDI

VELJUM ÍSLENSKT



HANDPRJÓNASAMBAND
ÍSLANDS

Skólavörðustígur 19 & Borgartún 31
s: 552 1890
handknitted.is





Reykjavík

RÖST

Coffee house & bar

Við gömlu höfnina

reykjavikrost.is

Viðbyggingin við Landsbankahúsið hefur verið umdeild

Miðborgin hefur tekið miklum breytingum á umliðnum árum. Einkum á þessum áratug sem nú er að líða. Nýbyggingar – verslanir, hótél, gistihús og íbúðarhúsnæði þekur nú fleti sem áður stóðu auðir og opnir. Nýbyggingar í Miðborginni eru þó ekki allar nýjar af nálinni og sumar verið umdeildar líkt og sumt sem síðar var byggt.

Landsbankahúsið við Austurstræti var byggt á árunum 1922 til 1924 og var teiknað af Guðjóni Samúelssyni. Um áratug eftir að Landsbankahúsið var reist krafðist vaxandi starfsemi bankans meira húsnæði og var þá ráðist í að efna til samkeppni um viðbyggingu. Gunnlaugur Halldórsson arkitekt reyndist hlutskarpastur og var tillaga hans notuð við viðbygginguna. Gunnlaugur var annarrar kynslóðar maður en Guðjón og mikill módernisti í húsagerðarlist. Móðernisminn var nýlunda hér á landi á þessum tíma og fannst ýmsum sem verið væri að storka hinu ríkjandi skipulagi og að viðbyggingin væri jafnvel lýti á hinu upprunalega Landsbankahúsi. Skipulag og byggingar hafa löngum valið



Þessi mynd er tekin norður Pósthússtrætið á fjórða áratugnum líklega af Sigurði Ólafssyni og sýnir þegar unnið var að viðbyggingu við Landsbankahúsið

skiptum skoðunum á meðal fólks. Ungum og róttækum arkitektum þótti Guðjón Samúelsson allt of einráður og gamaldags í sínum byggingastíl. En Viðbyggingin reis við Landsbankahúsið. Sumum fannst sem Gunnlaugur væri

að storka Guðjóni og hinum ríkjandi smekk. Og enn talar fólk um að viðbyggingin sé lýti á hinu klassíska Landsbankahúsi. Menn verða seint sammála um stíla og stefnur í byggingarlist.

MÆTUM Á VÖLLINN Í SUMAR OG STYÐJUM KR TIL SIGURS!



STÁLSMÍÐJAN
FRAMTAK

Domino's

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

Jói útherji
www.joiutherji.is

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Lyf & heilsa

Jónar
Transport

lifestream
POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS



Bilbúð
Benna
Sérfræðingar í bílum

N1

EVY
TECHNOLOGY

Sigurganga KR heldur áfram gegn FH

KR-ingar endurheimtu toppsætið í Pepsi Max-deild karla með sigri á FH í stórleik í Kaplakrika á sunnudaginn sl. Þetta KR-lið líta út eins og meistaraefni um þessar mundir.

Alex Freyr Hilmarsson kom KR yfir á 23. mínútu. Hann var réttur maður á réttum stað eftir skot/sendingu frá Tobias Thomsen. Staðan 1-0 fyrir gestina úr Vesturbæ.

Staðan var 1-0 í hálfleik. Frammistaða FH í fyrri hálfleiknum var ekki að hrífa stuðningsmenn liðsins.

Á 78. mínútu leiksins komst KR í 2-0 þegar Tobias Thomsen kom boltanum í netið eftir frábæran undirbúnings Óskars Arnars Haukssonar, sem hefur verið frábær í sumar.

FH minnkaði muninn strax þegar skot Steven Lennon fór af Arnóri Sveini Aðalsteinsyni og inn. FH-ingar fengu tækifæri til að jafna en Beitur Ólafsson stóð vaktina vel í marki KR.

Lokatölur urðu 2-1 fyrir KR og náði toppliðið að hefna fyrir 4-0



tap á Kaplakrikavelli í fyrra. KR hefur unnið sjö leiki í röð í öllum keppnum og er liðið á toppnum með 23 stig.

KR er með 23 stig og Breiðablik með 22 stig. Næst kemur ÍA með 16 stig. ÍA á þó leik til góða á

KR og Blika.

Næstu leikir KR er gegn Njarðvík í bikarnum á fimmtudaginn 27. júní og svo er toppslagur gegn Breiðabliki á mánudaginn 1. júlí.

Golfmót KR 2019
á Nesvellinum 1. júní til 31. ágúst
18 hlu golfhringur á Nesvellinum.
Hringinn skal spila einhvern tímann á tímabilinu,
minnst tveir keppendur í mótinu skulu spila saman.

Mótið er styrktarmót Framtíðarsjóðs KR

Hvað gerir þú til að taka þátt og spila:

Borgar þátttökugjaldið inn á reikning Framtíðarsjóðs KR 0137-15-381527, kt. 471210-0560 og lætur bankann senda staðfestingu á gudjon@kr.is. Hringur er ekki löglegur nema þátttökugjald hafi verið greitt.

Sendir tölvupóst á gudjon@kr.is um skráninguna með nafni, kennitölu, alma og pósthfangi.

Mælir þér mót við meðspilara og spilar 18 holar
Allir eru velkomnir að taka þátt, KR-ingar sem aðrir.

Skorkorti, dagsettu og undirritaðu af spilara og ritara skal skilað í KR kassa í golfskálanum þegar hringur hefur verið spilaður.

Einstaklingur má spila eina marga hringi og hann vill
(gegn þátttökugjaldi fyrir hvern hring) og gildir þá beiti hringurinn.

Þátttökugjald kr. 5.000 fyrir meðlimi í NK eða kr. 3.500 fyrir aðra sem jafnframt þurfa að greiða kr. 3.500 í vallargjald.

Gaman væri að gera fimmtudaga kl 17 að föstum keppnistíma.

Verðlaunapartý í félagsheimli KR föstudaginn 27. september
Golfmeistarar KR 2019 krýndir

Mjög góð verðlaun fyrir 1. - 3. sæti karla og kvenna og dregið úr skorkortum.

Allir eru velkomnir að taka þátt, KR-ingar sem aðrir.



FRAMTÍÐARSJÓÐUR KR

KR vann flesta Íslandsmeistararitla allra félaga í borðtennis

KR vann flesta Íslandsmeistararitla allra félaga í borðtennis keppnistímabilið 2018-2019, eða 17,5 talsins. Alls var keppt um 42 Íslandsmeistararitla. BH vann 13 titla, Víkingur 10 og HK 1,5. KR og BH unnu flesta titla í fullorðisflokkum, 5 hvort af 12 sem keppt var um. KR vann flesta titla í unglingsflokkum eða 9,5 titla af 23, og einnig flesta titla í öldungaflokkum, 3 talsins.

Eiríkur Logi Gunnarsson vann flesta titla allra KR-inga eða fjóra en hann vann alla fjóra titlana í sveinaflokki. Agnes Brynjarsdóttir, Víkingi og Alexía Kristínardóttir Mixa BH, unnu einnig fjóra titla. Kristófer Júlían Björnsson, úr BH, vann hins vegar flesta titla allra á tímabilinu eða fimm Íslandsmeistararitla. Kristófer vann alla fjóra titlana í piltaflokki og var þar að auki í sigurlíði BH-B í 2. deild karla.

Ásta M. Urbancic, Gestur Gunnarsson, og Hildur Halla Þorvaldsdóttir unnu þrjá titla hvert eins og þrír



leikmenn úr öðrum félögum.

Magnús Gauti Úlfarsson, BH vann flesta Íslandsmeistararitla í meistaraflokki, þrjá talsins, en Aldís Rún Lárusdóttir, KR; Agnes Brynjarsdóttir, Víkingi og Birgir Ívarsson, BH unnu tvo titla hvert í meistaraflokki.

Alls voru veitt 160 verðlaun á Íslandsmótunum og unnu KR-ingar langflest verðlaun, 71,5 talsins. BH kom næst með 32,5 verðlaun og Víkingur með 30.

Rausnarlegt framlag

KR var stofnað 1899 og 120 ára saga félagsins geymir marga glæsta sigra. Ekkert skiptir þó KR meira máli en hið mikilvæga barna- og unglingsstarf og það félagslega hlutverk sem KR hefur gegnt í nærsamfélagi sínu alla tíð. KR hefur mikinn metnað til að sinna þessu mikilvæga hlutverki sínu enn betur til framtíðar lítið.


Eitt skref í þeirri viðleitni var stofnun Framtíðarsjóðs KR fyrir nokkrum árum. Markmið Framtíðarsjóðs KR er að verða með tíð og tíma hornsteinn félagsins alls, varanlegur grunnur fyrir framþróun félagsins um ókomin ár.

Í sjóðnum eru nú u.þ.b. 14 milljónir króna. Munar þar mestu um rausnarlegt framlag að upphæð 10 milljónir króna sem örlátur KR-ingur færði sjóðnum nýlega. Í bréfi frá þessum einstaklingi, sem kys að njóta nafnleyndar, sagði m.a.:

“KR hefur verið mikilvægur hluti af lífi mínu í hartnær 60 ár, ól mig upp, á stóran þátt í að gera mig að þeirri persónu sem ég er og hefur gefið mér endalaus tilefni til að gleðjast og vera stoltur af því að tilheyra félaginu.

Ég vona að sterkari Framtíðarsjóður verði hvaðning fyrir aðra sem meta þátt KR í lífi sínu mikils til að leggja eitthvað af mörkum, og fleiri verði tilbúnir að taka þátt í því að byggja upp Framtíðarsjóð fyrir félagið, sjóð sem mun halda nafni okkar á lofti og stuðlar að því að KR verði ávallt í fremstu röð.”

Framtíðarsjóður KR þakkar kærlega fyrir þennan mikilvæga stuðning.



Framtíðarsjóður KR leitar nú til stuðningsmanna og velunnara félagsins, í því skyni að efla sjóðinn enn frekar. Þú getur lagt framtíð KR lið og styrkt Framtíðarsjóð KR með eingreiðslu eða mánaðarlegum stuðningsgreiðslum. Framlög í Framtíðarsjóð KR geta verið í ýmsu formi styrkja og gjafa, s.s. áfælinggjafa, arfs, minningarkorta, í tengslum við skipulögð söfnunaráttök eða vörusölu.

Framtíðarsjóður KR er sjálfseignarstofnun. Framlög í Framtíðarsjóð KR mynda höfuðstól sem skerðist ekki og vex með nýjum framlögum. Aðeins má nota ávöxtun sjóðsins, umfram verðbólgu, til úthlutunar til verkefna sem teljast stuðla að framtíðarheill félagsins, s.s. uppbyggingar og þróunar á starfsemi og aðstöðu. Úthlutunum úr sjóðnum er þannig ekki ætlað að standa undir daglegum rekstri félagsins eða einstakra deilda.

Nánari upplýsingar um Framtíðarsjóð KR og hvernig hægt er að styrkja sjóðinn má finna á: kr.is/framtidarsjodur.

Nánari upplýsingar veitir Jónas Kristinsson, s. 695-5252, jonas@kr.is.



www.kr.is



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri



GETRAUNANÚMÉR

KR ER

107

1 HREINSA

2 SKRÚBBA

3 ÞORNA

4 BERA Á

5 NJÓTA

Þú færð allt fyrir

PALLINN

hjá okkur



**REIKNADU ÚT
ÁETLADAN
KOSTNAÐ**

í girðinguna og
pallinn á BYKO.is



Leigðu verkfærin hjá okkur - www.lmleiga.is

OPIÐ

VIRKA DAGA 8-18:30

LAUGARDAGA 10-18

SUNNUDAGA 11-17

WWW.BYKO.IS



BYKO GRANDI

KOMDU Í HEIMSÓKN!